



Stjórnarráð Íslands  
Félags- og vinnu-  
markaðsráðuneytið




Stjórnarráð Íslands  
Heilbrigðisráðuneytið

*Því það á að vera...*


# Gott að eldast

Heildarendurskoðun  
á þjónustu við eldra fólk


## Þjónustan í dag



## Framtíðarsýn




## Það á að vera gott að eldast á Íslandi



**Aldurssamsetning þjóðarinnar breytist nú hratt. Eldra fólk lifir lengur en áður og er virkara og hraustara en nokkru sinni fyrr.**

Þjónusta við eldra fólk þarf að þróast í takt við þetta. Sú vegferð er nú hafin undir heitinu **Gott að eldast**. Stjórnvöld taka þar utan um málefni eldra fólks með nýjum hætti. Grunnhugsunin er sú að eldra fólk er ekki byrði á samfélaginu heldur hefur það ótvírætt virði.

Heildarendurskoðun  
á þjónustu við eldra fólk



## Aðgerða- áætlun

### Aðgerðaáætlun byggir á fimm stoðum.

Meginþungi aðgerða liggur í þróunarverkefnum sem ganga út á að finna góðar lausnir sem samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk og flétta saman þá þætti sem ríkið sér annars vegar um og hins vegar sveitarfélögin.

Sömuleiðis verður ráðist í aðgerðir sem hverfast um heilbrigða öldrun með alhliða heilsuefningu, sveigjanlega

þjónustu og stórbættan aðgang að ráðgjöf og upplýsingum um þjónustu fyrir eldra fólk.

Allar aðgerðir miða að því að tryggja virkara og heilsu-hraustara eldra fólk þjónustu sem stuðlar að því að sem flest þeirra séu þátttakendur í samfélaginu – sem allra lengst.

Og þá verður svo sannarlega gott að eldast á Íslandi.

Gott að eldast

✓ 2022 (DES)  
Opið samráð hefst, tillaga sett í samráðsgátt stjórnvalda

## Tímalína 2022–2027

✓ 2023 (VOR)  
Aðgerðaáætlun til fjögurra ára samþykkt á Alþingi

○ 2023 (HAUST)  
Undirbúningur þróunarverkefna hefst

○ 2024  
Innleiðing og framkvæmd aðgerðaáætlunar

○ 2025 (LOK ÁRS)  
Fyrstu niðurstöður þróunarverkefna liggja fyrir

○ 2026 (LOK ÁRS)  
Stöðumat á öllum aðgerðum

○ 2027  
Skýr framtíðarsýn liggur fyrir

## Þjónustukeðja

Hjúkrunar-  
heimili

Sérhæfðari  
heimaþjónusta  
og endurhæfing

Dagþjónusta  
fyrir þau sem  
búa heima

Heimaþjónusta  
Félags- og  
heilbrigðisþjónusta,  
heilsugæsla

Þjónusta sveitarfélaga  
til að hámarka virkni  
Félagsstarf, heimsendur  
matur, akstursþjónusta

Ég vil vinna að breytingum á samfélaginu sem auka möguleika fólks á öllum aldri til að vera virk í leik og starfi, og þar sem öll hafa tækifæri til að taka þátt.

**Gott að eldast** er samfélagslegt umbóta-  
verkefni sem á að efla þjónustu við eldra  
fólk og auka samvinnu og samþættingu  
milli heilbrigðiskerfis og félagsþjónustu.

**Gott að eldast** á að fjölga möguleikum til aukinnar virkni  
og bættrar lýðheilsu og gera fólki kleift að búa lengur  
heima hjá sér.

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson**  
félags- og vinnumarkaðsráðherra

Forvarnir, heilsuefling og endurhæfing spila stórt  
hlutverk í heilbrigðri öldrun þjóðarinnar til framtíðar. Það  
er fátt verðmætara samfélaginu en að viðhalda færni  
og virkni einstaklingsins. **Gott að eldast** er því verkefni  
þjóðarinnar. Einstaklingurinn er þungamiðjan sem  
verkefnið og velferðarkerfið snýst um.

Einstaklingurinn á að hafa aðgang að fjöl-  
breyttri en samþættri þjónustu. Hvort sem  
það er heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta eða  
önnur stuðningsþjónusta. Heima eða í öðrum  
búsetuúrræðum.

Breytt aldurssamsetning þjóðarinnar kallar á aðlögunar-  
hæfni samfélagsins. Aukins samtals, samvinnu og  
lausnamiðaðrar nálgunar. Líf okkar er jafnverðmætt  
á öllum lífsskeiðum.

**Willum Þór Þórsson**  
heilbrigðisráðherra

Nánari upplýsingar á  
[gottadeldast.is](http://gottadeldast.is)